

Ársskýrsla Keilusambands Íslands

2004-2005



12. þing KLÍ
30. apríl 2005



DAGSKRÁ 12. ÞINGS KLÍ

Laugardaginn 30. apríl 2005 Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Dagskrá:

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd.
 - b) Fjárhagsnefnd.
 - c) Laga- og leikreglnanefnd.
 - d) Allsherjarnefnd.
 - e) Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
- 10 Önnur mál.
- 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
- 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
- 13 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
- 14 Þingslit.

SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 28. apríl 2004 – 29. apríl 2005

12. ársþing KLÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
Laugardaginn 30. apríl 2005

STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Valgeir Guðbjartsson
<i>Varaformaður</i>	Theódóra Ólafsdóttir
<i>Gjaldkeri</i>	Sigríður Klemensdóttir
<i>Ritari</i>	Bragi Már Bragason
<i>Fundarritari</i>	Sigfríður Sigurðardóttir
<i>Varamenn:</i>	Linda Hrönn Magnúsdóttir Þórhallur Hálfðánarsson Einar Jól Ingvarsson

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Guðni Gústafsson
Pétur Helgason

Til vara: Sirrý Hrönn Haraldsdóttir
Hjalti Ástbjartsson

NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Aganefnd	Þórir Ingvarsson <i>form.</i> Guðmundur Sigurðsson Ásgrímur Helgi Einarsson	Unglinganefnd	Þórarinn Þorbjörnsson. <i>form.</i> Ragna Matthíasdóttir Guðmundur Sigurðsson
Laga- og leikreglnanefnd	Óskipuð	Upplýsinganefnd	Óskipuð
Mótanefnd	Arnar Sæbergsson Dagný Edda Þórisdóttir Guðmundur Sigurðsson Jón Guðmundsson	Landsliðsnefnd:	Óskipuð
Tækninefnd	Óskipuð	Kerfisstjóri	Þórhallur Hálfðánarsson
Starfsmaður KLÍ:	Freyr Bragason	Landsliðsþjálfari	Rickard Ohlsson
		Ritstj. mótaskrár:	Freyr Bragason



INNGANGUR

Síðastliðin 12 ár þá hefur starfsemi Keilusambandsins verið í nokkuð föstum farvegi, oftast hafa þau verið í þeim farvegi að sjá um daglegan rekstur, aðstoða nefndir og taka að sér hlutverk nefnda sem ekki hefur tekist að manna, þrátt fyrir biðlað hafi verið til félaga um starfsfólk í þessar nefndir. Sjálfsagt er það nú svo að eftir því sem fækkar í íþróttinni þá er erfiðara að manna þær nefndir og starfshópa sem áskilið er. Reynt hefur verið samt að klára flest þau störf sem liggja fyrir, því miður er sum þeirra unnin af vanefndum og því hefur fólk kvartað undan lélegum vinnubrögðum stjórnar og nefnda, oft er það nú svo að þeir sem kvarta hæst vita ekki hvað liggur á bak við og koma alls ekki að neinu starfi hjá sambandinu hvorki í boði síns félags né að sjálfsdáðum.

Í ársbyrjun 2004 tók þáverandi stjórn þá ákvörðun að ráða starfsmann í hlutastarf til að létta miklu vinnuálagi af stjórnar og nefndarfólki, nú þegar árið 2004 er gert upp má segja að það komi skýrt í ljós að KLÍ getur ekki leyft sér þennan munað, ég segi munað því ég held að flestir nefndar og stjórnarmenn geti verið sammála um það að þetta létti vissulega vinnuálagi af þessum aðilum, en á móti kemur að tap sambandsins á síðasta ári helgast því sem nær eingöngu af launum og launatengdum gjöldum vegna þessa starfsmanns.

Á liðnu ári fundaði stjórn sambandsins reglulega á þriðjudögum með tveggja vikna millibili, þó með einhverjum hléum t.d. yfir hásumarið. Þetta hafa verið 23 stjórnarfundir frá síðasta þingi að ótöldum fundum með nefndum, formönnum keilufélaga og deilda ofl. Nefndir þær sem hefur tekist að manna hafa einnig töluvert á sinni stefnuskrá og þá sérstaklega unglínganefnd og mótanefnd, þó eitthvað hafi þeirra störf minnkað með tilkomu starfsmanns KLÍ.

Fjöldi keilufélaga og deilda hefur staðið í stað og voru þau sjö síðastliðinn vetur. Almennum keilurum teljum við að hafi frekar fjölgað en aftur á móti hefur keilurum sem stundar keilu sem keppnisíþrótt fækkað og það verulega, leita má ýmissa skýringa en ein ástæða er t.d. augljós: Á meðan keilan var að byggjast upp hér á landi þá gerðu keilusalareigendur (keilusalirnir eru jú allir í Reykjavík í einkaeign) allt sem þeir gátu til að laða fólk að í keppnir og jafnvel til að taka þátt í félagsstarfi keilufélaganna, þetta er ekki lengur við lýði og því má segja að stór hluti nýliðunnar hafi horfið.

Á síðastliðnu tímabili tóku íslenskir keilarar þátt í þremur landskeppnum, með misjöfnum árangri. Í Evrópubíkarkeppni liða þá náði kvennalið okkar þeim frábæra árangri að lenda í 8 sæti og voru lengst af að berjast um 5 sætið. Þessi árangur skilaði því að liðinu var boðið að taka þátt í heimsbikarkeppni kvennaliða sem var haldin í Hollandi í nóvember, því miður náðist ekki að senda okkar allra sterkasta lið til keppni þar og kannski þessvegna varð niðurstaðan sú að konurnar okkar ráku lestina af þeim 16 liðum sem mættu til keppni, en engu að síður þá komu þær heim reynslunni ríkari og með fullt af góðum minningum. Vonumst við til þess að þær njóti þessarar reynslu þegar þær taka þátt í heimsmeistaramóti kvenna sem verður haldið í Álaborg í Danmörku í ágúst n.k.

Valgeir Guðbjartsson
formaður KLÍ



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KEPPENDUR Í KEILU – IÐKENDUR

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá sjö félögum frá þremur héraðssamböndum. Samkvæmt eldri upplýsingum frá ÍSÍ sem fengnar eru úr kennsluskýrslum þá er um að ræða töluverða fækkun síðastliðin ár. Það er líka ljóst að almennir iðkendur í keilu eru miklu mun fleiri en skráðir eru hjá keilufélögunum og má segja að það ætti að vera takmark keilufélaganna/-deildanna að nálgast þessa iðkendur.

Tafla 1, Keilufélög og deildir,
fjöldi keppenda frá árinu 1999 skv. KLÍ

Félag / Keiludeild	Íþr. Bandalag	Stofnað	Keppendur 1999	Keppendur 2000	Keppendur 2001	Keppendur 2002	Keppendur 2003	Keppendur 2004
Samtals			422	307	272	281	263	224
KFR	ÍBR	10. sept. 85	159	148	143	134	109	78
KR	ÍBR	27. júní 90	46	24	16	17	21	16
ÍR	ÍBR	1994	58	47	57	64	73	75
Fylkir	ÍBR	1994	6	7	6	5	6	
ÍFH	ÍBR	1994	8	3				
Ösp	ÍBR							
KSÁÁ	ÍBR	1997	12	5				
HK	UMSK	1994	17	11	11	6	5	6
KGB	UMSK	25. maí 89	27	24	17	14	12	11
Keflavík	ÍRB	1995	73	41	8			
KFK	UMSK	2004						12
KFA	ÍA	1997	16	6	8	41	36	26

KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í þrem keilusölum í vetur:

- Keiluhöllinni í Öskjuhlíð, 18 brautir.
- Keila í Mjódd, 10 brautir.
- Keilusalnum Akranesi, 3 brautir.

VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Keilarar ársins 2004 voru að þessu sinni tveir, í kvennaflokki var **Sigfríður Sigurðardóttir KFR** valin keilari ársins. Í karlaflokki var **Magnús Magnússon KR** keilari ársins. Sigfríður og Magnús voru bæði Íslandsmeistarar einstaklinga 2004, ásamt því að hafa staðið sig frábærlega fyrir sín félagslið svo og í landskeppnum á undanförunum árum.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili sem nú er að ljúka kepptu 156 keilarar í deildarkeppninni í samtals 26 liðum og Íslandsmót einstaklinga var haldið með og án forgjafar með 78 þátttakendum. Þetta er fjölgun um 1 keppanda bæði í deild og einstaklingsmótum miðað við fyrra ár. Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Íslandsmót í tvímenning í maí
 - Meistarakeppni KLÍ í september
 - Íslandsmót 4ra manna liða í október til apríl
 - Deildarbikar (tvímenningur) í október til apríl
 - Utandeild KLÍ í september til apríl
 - Íslandsmót para í janúar
 - Íslandsmót einstaklinga með forgjöf í apríl
 - Íslandsmót einstaklinga í mars
 - Bikarkeppni liða í október til apríl
 - Meistarakeppni ungmenna í október til apríl
 - Íslandsmót unglunga í mars
 - Íslandsmót unglingaliða í október til apríl
-

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 2004

Mótið var haldið í maí 2004. Þátt tóku 10 tvímenningar.

1. sæti Arnar Sæbergsson, ÍR og Steinþór G. Jóhannsson, ÍR.
 2. sæti Halldór R. Halldórsson, ÍR og Matthías H. Júlíusson, ÍR
 3. sæti Árni Geir Ómarsson, ÍR og Sigurður Lárusson, ÍR
-

MEISTARAKEPPNI KLÍ

<i>Karlar:</i> 1. sæti	KLS, ÍR	<i>Konur:</i> 1. sæti	Valkyrjur, KFR
2. sæti	Lærlingar, KFR	2. sæti	ÍR TT, ÍR

ÍSLANDSMÓT PARA

Mótið var haldið í janúar 2005. Þátt tóku 11 pör.

1. sæti Guðný Gunnarsdóttir, ÍR og Halldór R. Halldórsson, ÍR – **Íslandsm. para 2005**
 2. sæti Alda Harðardóttir, KFR og Hörður I. Jóhannesson, ÍR
 3. sæti Sigríður Klemensdóttir, ÍR og Ásgeir S. Halldórsson, ÍR
-

BIKARKEPPNI LIÐA 2004-2005

<i>Karlar:</i> 1. sæti	KLS, ÍR	<i>Konur:</i> 1. sæti	Valkyrjur, KFR
2. sæti	Lærlingar, KFR	2. sæti	Flakkarar, KFR



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT DEILDARLIÐA 2004-2005

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 2004-2005

Félög	1. deild kvenna	1. deild karla	2. deild karla	Samtals '04-'05	Samtals '03-'04	Samtals '02-'03	Samtals '01-'02
KFR	4	4	1	9	12	13	13
KGB	-	-	1	1	2	2	1
KR	-	2	-	2	3	3	3
Keflavík	-	-	-	-	-	-	1
HK	-	-	1	1	1	1	1
ÍR	3	4	1	8	7	6	6
Fylkir	-	-	-	-	1	1	1
KFA	1	2	-	3	3	1	1
KFK	-	-	2	2	-	-	-
Samtals	8	12	6	26	29	27	27

Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

1. deild kvenna: 1. sæti **Valkyrjur, KFR** Íslandsmeistarar liða 2005
2. sæti Afturgöngurnar, KFR
3. sæti ÍR-TT

Deildarmeistarar 1. deildar: Valkyrjur, KFR

1. deild karla: 1. sæti **KLS, ÍR** Íslandsmeistarar liða 2004
2. sæti KR a, KR
3. sæti Lærlingar, KFR

Deildarmeistarar 1. deildar: KLS, ÍR

Úr 1. deild féllu Þröstur, KFR (11. sæti) og ÍA-B, KFA (12. sæti).

2. deild karla: 1. sæti **ÍR-L, ÍR** Íslandsmeistarar 2. deildar
2. sæti Keiluvínir, KFK
3. sæti KGB-SS, KGB

Deildarbikar liða

Alls tóku þátt 10 lið og var keppt í 1. riðli.

1. sæti **Lærlingar, KFR** Deildarbikarmeistarar liða 2004
2. sæti KR a, KR
3. sæti ÍR-a, ÍR



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA MEÐ FORGJÖF

Íslandsmóti einstaklinga í keilu með forgjöf lauk miðvikudaginn 27. apríl 2005. Keppt var í karla og kvennaflokki. Alls tóku 22 karlar og 10 konur þátt í mótinu sem hófst 25. apríl 2005
Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Karlaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Hafþór Harðarson, KFR - Íslandsmeistari karla með forgjöf 2005**
2. sæti Jóhann S. Guðmundsson, KFA
3. sæti Björn Þór Gunnarsson, KFA

Kvennaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Guðný Gunnarsdóttir, ÍR - Íslandsmeistari kvenna með forgjöf 2005**
2. sæti Guðlaug Aðalsteinsdóttir, KFA
3. sæti Alda Harðardóttir, KFR

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk 27. febrúar 2005. Keppt var í karla og kvennaflokki. Alls tóku 46 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 24. febrúar 2005, 31 í karlaflokki og 15 í kvennaflokki. Íslandsmeistararnir unnu sér rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem fram mun fara í Þýskalandi í september n.k. Keilusambandið greiðir bæði ferðir og gistingu vegna Evrópumótsins.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Kvennaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Sigfríður Sigurðardóttir, KFR - Íslandsmeistari kvenna 2005**
2. sæti Elín Óskarsdóttir, KFR
3. sæti Dagný Edda Þórisdóttir, KFR

Karlaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Magnús Magnússon, KR - Íslandsmeistari karla 2005**
2. sæti Steinþór G. Jóhannsson, ÍR
3. sæti Davíð Löve, KR.

Verðlaunadreifing á milli félaga í Íslandsmótum einstaklinga með og án forgjafar varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samt. '05	Samt. '04	Samt. '03
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	2	1	2	5	3	5
ÍR – Keiludeild ÍR	1	1	-	2	5	3
KR – Keiludeild KR	1	-	1	2	1	2
KFA – Keilufélag Akraness	-	2	1	3	-	2
Samtals	4	4	4	12	12	12



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Dreifing keppenda í Íslandsmóti einstaklinga með og án forgjafar

Keilufélag	Ka'05	Ko '05	Samt.'05	Ka'04	Ko '04	Samt.'04	Ka'03	Ko '03	Samt.'03
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	8	12	20	7	10	17	17	13	30
ÍR – Keiludeild ÍR	23	8	31	21	3	24	16	4	20
KR – Keiludeild KR	12	-	12	9	-	9	12	1	13
KFK - Keilufélagið Keilan	2	-	2	-	-	-	-	-	-
KFA – Keilufélag Akraness	8	2	10	3	-	3	6	4	10
Samtals	53	22	75	41	13	54	51	22	73

UTANDEILD KLÍ

Utandeild KLÍ í liðakeppni 2004-2005 er ekki lokið þegar þetta er skrifað en mun ljúka 29. apríl 2004. - Eða kvöldið fyrir ársþing KLÍ. Samtals tóku þátt 28 lið í utandeildinni í 3 riðlum og er það sami fjöldi og var árið áður. Árið 2004 varð lið Fagþrifa sigurvegarar, Sjóvá varð í öðru sæti og síðan Pósturinn B í þriðja sæti.

ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2005

Íslandsmóti unglunga í keilu lauk með úrslitum í Keilu í Mjódd sunnudaginn 13. mars 2005.

Alls kepptu 26 unglingar í fjórum flokkum pilta og stúlkna. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

Þátttakendur	Dr. '05	St. '05	Samtals '05	Dr. '04	St. '04	Samtals '04	Dr. '03	St. '03	Samtals '03
KFR	3	1	4	6	4	10	8	4	12
KFA	6	3	9	6	4	10	6	2	8
ÍR	8	4	12	7	3	10	3	1	4
KEF –	–	–	–	–	–	-	-	–	-
KR	1	–	1	1	–	1	–	–	–
Samtals	18	8	26	20	11	31	17	7	24

Keppendur í 1. og 2. flokki léku 18 leiki í forkeppni en keppendur í 3. og 4. flokki léku 12 leiki. Keppt var í opnum flokki unglunga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglunga.

Verðlaunadreifing á milli félaga í mótinu varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull 05	Silfur 05	Brons 05	Samtals 05	Gull 04	Silfur 04	Brons 04	Samt. 04	Gull 03	Silfur 03	Brons 03	Samt. 03
KFR	3	-	2	5	4	2	2	8	6	4	4	14
KFA	3	1	2	6	1	3	4	8	1	2	3	6
ÍR	4	7	3	14	5	3	1	9	2	1	-	3
KEF	–	–	–	–	–	–	–	–	-	-	-	-
Samtals	10	8	7	25	10	8	7	25	10	9	7	26

Úrslit voru eftirfarandi:

Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Opinn flokkur – PILTAR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Sigurður Ingi Pálsson	ÍR
Jón Ingi Ragnarsson	ÍR
Andri Már Ólafsson	KFR

Opinn flokkur – STÚLKUR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Kristín Magnúsdóttir	KFR
Magna Ýr Hjálmtýsdóttir	ÍR
Birgitta Þóra Birgisdóttir	KFA

PILTAR:

1. fl.	Sigurður Ingi Pálsson	ÍR
	Stefán Claessen	ÍR
	Róbert Dan Sigurðsson	ÍR
2. fl.	Andri Már Ólafsson	KFR
	Jón Ingi Ragnarsson	ÍR
	Bjarni Páll Jakobsson	KFR
3. fl.	Skúli Freyr Sigurðsson	KFA
	Hafliði Örn Ólafsson	ÍR
	Daníel Freyr Sigurðarson	ÍR
4. fl.	Arnar Davíð Jónsson	ÍR
	Árni Þór Magnússon	KFA
	Sindri Már Magnússon	ÍR

STÚLKUR:

1. fl.	Kristín Magnúsdóttir	KFR
2. fl.	Magna Ýr Hjálmtýsdóttir	ÍR
	Karen Rut Sigurðardóttir	ÍR
	Birgitta Þóra Birgisdóttir	KFA
3. fl.	Tinna Rut Wiium	KFA
	Ástrós Pétursdóttir	ÍR
4. fl.	Steinunn Inga Guðmundsd.	KFA

MEISTARAKEPPNI UNGMENNA 2004-2005

Meistarakeppni ungmenna hófst í október. Leiknar voru 5 umferðir og voru veitt verðlaun fyrir hverja umferð en jafnframt voru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lenti. Leikmaður safnaði stigum og eftir allar umferðirnar kom í ljós hver varð „Meistari ungmenna“ í hverjum flokki.

Ekki voru veitt verðlaun yfir allt árið nema keppandi hafi keppt í meira en helming umferða.

Í vetur kepptu 26 piltar og 14 stúlkur eða alls 40 unglingar í mótinu.

1. fl. pilta (1982-1984)

1.sæti	Jóhann S. Guðmundsson	KFA	36
2.sæti	Eiríkur A. Björgvinsson	ÍR	12

2. fl. pilta (1985-1987)

1.sæti	Hafþór Harðarsson	KFR	54
2.sæti	Magnús S. Guðmundsson	KFA	52
3.sæti	Sigurður Þ. Guðmundsson	KFA	30

3. fl. pilta (1988-1990)

1.sæti	Bjarni Páll Jakobsson	KFR	49
2.sæti	Róbert Dan Sigurðsson	ÍR	46
3.sæti	Andri Már Ólafsson	KFR	40

4. fl. pilta (1991-1993)

1.sæti	Skúli Freyr Sigurðsson	KFA	58
2.sæti	Páll Óli Knútsson	KFR	45
3.sæti	Magnús Magnússon	KFA	39

1. fl. stúlkna (1982-1984)

Því miður engin þátttaka

2. fl. stúlkna (1985-1987)

1.sæti	Kristín Magnúsdóttir	KFR	36
--------	-----------------------------	-----	----

3. fl. stúlkna (1988-1990)

1.sæti	Magna Ýr Hjálmtýsdóttir	ÍR	58
2.sæti	Bergþóra Rós Ólafsdóttir	ÍR	37
3.sæti	Birgitta Þóra Birgisdóttir	KFA	22

4. fl. stúlkna (1991-1993)

1.sæti	Ástrós Pétursdóttir	ÍR	58
2.sæti	Tinna Rut Wiium	KFA	52
3.sæti	Svanlaug N. Sigurðardóttir	KFA	29



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA 2004-2005

Íslandsmóti unglingsaliða í keilu lýkur með úrslitum í Keilu í Mjódd laugardaginn 2. maí 2005 þannig að úrslitum er ekki lokið þegar kemur að ársþingi KLÍ.

Alls tóku 6 lið þátt í mótinu eða 31 unglingur, piltar og stúlkur. Tvö lið komu frá félögunum ÍR, KFR og KFA. Leiknar voru 6 umferðir frá byrjun október og eftir það voru spiluð úrslit.

Niðurstöður fyrir úrslit:

Mtal.liðs

Staða eftir úrslit:

				Deildarmeistarar
1. sæti	KFR 1	60 stig	158,33	
2. sæti	ÍR 1	38 stig	138,00	
3. sæti	KFR 2	30 stig	131,66	
4. sæti	ÍA 1	28 stig	133,33	
5. sæti	ÍR 2	20 stig	119,67	
6. sæti	ÍA 2	4 stig	104,33	



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

LANDSLIÐIN – ÞÁTTTAKA Í MÓTUM ERLENDIS

Á liðnu tímabili var tekið þátt í þremur landskeppnum. Í júní var Evrópubíkarkeppni landsliða í Englandi, í september fóru Íslandsmeistarnir á Evrópubíkarmót einstaklinga í Tyrklandi og síðan var kvennalandsliðinu boðin þáttaka á Heimsbíkarmóti liða sem var haldið í Hollandi.

EVROPUBÍKARKEPPNI LANDSLIÐA

Evrópubíkarkeppni landsliða fór fram í Norwich á Englandi dagana 4. til 16. júní 2004. Þátttakendur voru landslið karla og kvenna frá 23 þjóðum.

Kvinnaliðið var þannig skipað: Alda Harðardóttir, KFR, Dagný E. Þórisdóttir, KFR, Elín Óskarsdóttir, KFR, Guðný Gunnarsdóttir, ÍR, Jóna Kr. Þórisdóttir, KFR og Sigfríður Sigurðardóttir, KFR.

Kvinnaliðið náði þeim frábæra árangri að ná 8.-9. sæti ásamt Spánverjum.

Karlaliðið var þannig skipað: Arnar Sæbergsson, ÍR, Árni Geir Ómarsson, ÍR, Björn G. Sigurðsson, KR, Freyr Bragason, KFR og Hafþór Harðarsson, KFR.

Karlaliðið náði 19. sæti í keppninni.

Með liðunum fóru Sigfríður Klemensdóttir, gjaldkeri KIÍ sem fararstjóri ásamt Theódóru Ólafsdóttur og Rickard Ohlsson landsliðsþjálfurum.

EVROPUBÍKARMÓT EINSTAKLINGA

Evrópubíkarmót einstaklinga, sem er keppni landsmeistara Evrópuþjóða, fór fram í Ankara í Tyrklandi 31. ágúst til 5. september 2004. Þátttakendur voru landsmeistarar frá þrjátíu og átta þjóðum auk sigurvegara frá því 2003.

Fyrir Íslands hönd kepptu Íslandsmeistararnir 2004, Sigfríður Sigurðardóttir, KFR og Magnús Magnússon KR. Sigfríður endaði í 23. sæti með 176 stig að meðaltali. Magnús endaði í 17. sæti með 189 stig að meðaltali.

Með Sigfríði og Magnúsi fór Sigfríður Klemensdóttir frá KIÍ.

HEIMSBÍKARKEPPNI LANDSLIÐA

Heimsbíkarkeppni landsliða fór fram í Hoofddorp, Hollandi dagana 16. til 25. nóvember 2004. Þátttakendur voru landslið karla og kvenna frá 16 þjóðum, þ.e. 5 þjóðum frá hverri álfu og síðan gestgjafarnir. Vegna frábærs árangurs kvennalandsliðsins á Evrópubíkarkeppninni um sumarið var því boðið að taka þátt og var það boð þegið.

Kvinnaliðið var þannig skipað: Alda Harðardóttir, KFR, Dagný E. Þórisdóttir, KFR, Elín Óskarsdóttir, KFR, Guðný Gunnarsdóttir, ÍR, Jóna Kr. Þórisdóttir, KFR og Sigfríður Klemensdóttir, ÍR.

Skammt er frá því að segja að konurnar okkar urðu í neðsta sæti en eftir situr ómetanleg reynsla hjá þátttakendum okkar.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

SAMRÁÐSFUNDUR KEILUSAMBANDA NORÐURLANDANNA

Árlegur samráðsfundur keilusambanda Norðurlandanna fór fram í Finlandi dagana 20.-22. ágúst 2004. Fulltrúar KIÍ á fundinum voru Valgeir Guðbjartsson formaður KIÍ og Theodóra Ólafsdóttir varaformaður KIÍ.

Á fundinum var fjallað um starfsemi keilusambandanna, samstarf Norðurlandanna, samskipti við alþjóðasamtökin og hvað helst væri á döfinni. Á fundinum var ákveðið að fella niður Norðurlandamótið í sinni mynd, en í staðinn var rætt um að taka upp Norrænar keilubúðir fyrir afreksunglinga og ungmenni og að taka þátt í Evrópumótum unglunga. Næsti samráðsfundur á að vera haldinn samhliða Evrópuþingi í Moskvu árið 2005.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

AFREKSSTEFNA KLÍ

Afreksstefna Keilusambandsins frá árinu 2000 var endurskoðuð undir lok árs 2004 og ný afreksstefna sem tekur yfir tímabilið 2005-2007 gefin út, afreksstefnan fylgir hér á eftir:

Afreksstefna Keilusambands Íslands árin 2005 - 2007.

Stefna.

Keilusamband Íslands stefnir að því að senda til þátttöku í alþjóðakeppni fremstu karl- og kvenkeilara landsins þannig að besti mögulegi árangur náist hverju sinni..

Landslið fullorðinna (karla og kvenna) taki þátt í öllum mótum á vegum Heims- og Evrópusamtaka keilunnar (WTBA og ETBF) þar sem takmarkið verður að vera í hópi 10 bestu keilupjóða í Evrópu. Ennfremur að senda keppendur til þátttöku í einstaklingsmótum sem WTBA heldur og því verður komið við.

Landslið unglunga (pilta og stúlkna) taki þátt í mótum á vegum WTBA og ETBF þar sem því verður komið við með það að markmiði að vera í hópi 10 bestu keilupjóða í Evrópu í viðkomandi aldurshópi.

Staða og tímasetningar:

Landslið karla er nú í hópi 15-20 bestu keilulandsliða í Evrópu. Á síðasta Evrópubikarmóti (ECT), sem var haldið í Englandi árið 2004, endaði landsliðið í 19. sæti, en líta verður á það að ekki fór okkar sterkasta lið til þátttöku í þessu móti, tímasetning mótsins hentaði ekki öllum sterkari spilurum okkar. En á síðasta Evrópumóti (EM), í Danmörku árið 2001, lenti liðið í 13. sæti. Karllandslið var sent til þátttöku á síðasta heimsmeistaramóti (HM) sem haldið var í Malasíu í september 2003 og endaði liðið þar í 40. sæti. Það skal þó tekið fram að mismunandi keppnisfyrirkomulag er í mótunum. Ef tekst að halda saman besta liði sem völ er á hverju sinni og aðrar aðstæður haldast jákvæðar þá horfum við á að nálgast takmark okkar á EM árið 2005 í Rússlandi, ásamt HM árið 2006 í Kóreu.

Landslið kvenna í keilu er nú í hópi þeirra 10 bestu í Evrópu. Á síðasta Evrópubikarmóti (ECT) í Englandi 2004 endaði landsliðið í 8. sæti og á síðasta Evrópumóti (EM) í Danmörku árið 2001 lenti liðið einnig í 8. sæti. Í framhaldi af góðum árangri á ECT 04 þá var liðinu boðið á WTTC eða Heimsbikarmót liða sem var haldið í Hollandi í nóvember 2004, þar endaði liðið í 13. sæti. Ekki var unnt að senda kvennalið til þátttöku á síðasta heimsmeistaramóti (HM) 2003 vegna mikils kostnaðar og þar sem bestu keppendur gáfu ekki kost á sér í liðið. Með markvissri uppbyggingu landsliðs kvenna næstu ár á takmarkið að nást einnig á HM 2005 í Danmörku og EM 2006 í Hollandi.

Landslið unglunga hefur ekki verið sent á Evrópumót hingað til, en nú er kominn upp ákveðinn kjarni sem gæti, ef markvisst er unnið með hópinn, náð settu markmiði á næstu árum. En það þarf hins vegar að hafa í huga að kostnaður við að senda keppendur á þessi álfu- eða heimsmót er mikill. Eins gefur það litla reynslu miðað við að fara á mót í nágrennalöndum okkar t.d. mótarið fyrir unglunga í Svíþjóð og þarf því að huga vel að því hvernig þeim takmörkuðu fjármunum sem KLÍ hefur til umráða er varið.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Samhliða liðakeppnum er oft haldin keppni einstaklinga, tvímenninga og para. Landsliðsfólk okkar hefur oft á tíðum náð góðum árangri í þessum keppnum og ber þar hæst 4. sæti í tvímenningakeppni á Evrópumótinu (EM) í Englandi 1997 þar sem þátt tóku 72 tvímenningar. Ennfremur hafa einstaklingar náð oft á tíðum mjög góðum árangri á þessum mótum t.d. náðist sá frábæri árangur að Íslendingur náði 3. sæti í einstaklingskeppni karla á Evrópumótinu (EM) í Danmörku árið 2001. Og ennfremur náðist 10. sæti í einstaklingskeppni kvenna á sama móti. Góður árangur hefur einnig náðst í Evrópubíkarkeppni einstaklinga (keppni landsmeistara) (ECI) og í heimsbíkarkeppni einstaklinga (WCI).

Eins og áður segir hefur landslið unglunga ekki verið sent á Evrópumót (EM) eða heimsmeistaramót (HM), en liðið hefur tekið þátt í Norðurlandamóti unglunga (NMU). Á NMU sem haldið var á Íslandi 1999, vannst gull í tvímenningi, silfur og brons í einstaklingskeppni og íslenskt par lenti í 4. sæti í parakeppni. Á síðasta NM sem haldið var í febrúar 2003 í Svíþjóð náðist ekki slíkur árangur enda var það lið ungt og reynslulítið og því má segja að þá hafi verið unnið í uppbyggingu fyrir framtíðina en ekki fyrir líðandi stund. Nú heyrja þessi Norðurlandamót sögunni til þar sem ákveðið hefur verið að leggja þau af í ljósi þess að nú eru Evrópumót á hverju ári og því mikill tilkostnaður ef á að taka þátt í mörgum slíkum mótum árlega.

Forsendur:

Keilusamband Íslands þarf að reka höfuðstöðvar fyrir íslenska keilu, þannig að grunnur sambandsins og keiluíþróttarinnar sé traustur. KIÍ sér um skipulagningu landsmóta í öllum aldursflokkum, fræðslustarf og síðast en ekki síst rekstur landsliða.

Raunverulegur grunnur KIÍ er hins vegar aðildarfélögin sem þurfa að reka uppbyggingar- og afreksstarf með þátttöku í keppni á innlendum vettvangi. KIÍ verður síðan að leita leiða til að renna styrkari stöðum undir starfið í aðildarfélögum þannig að þar verði áfram uppspretta afreksfólks í keilu.

Aðstaða til keiluiðkunar þarf að batna og verða eins og best gerist í nágrennalöndum okkar. Til að mynda er ekki til nægilega stór og frambærilegur keilusalur hér á landi í dag. Hafa því skapast ákveðin vandamál þegar röðin hefur komið að okkur að halda þau alþjóðlegu mót sem okkur ber skylda til, t.d. Norðurlandamót unglunga og fullorðinna sem við þurfum að halda á 5 ára fresti. Ennfremur væri hægt, ef aðstaða væri fyrir hendi, að halda hér stór alþjóðleg mót t.d. Evrópumót (EM). Slík mót draga að sér um 200 keppendur og um 100 þjálfara, fararstjóra og aðra áhangerur og standa yfir í 7 - 10 daga. Þá fengi íslenskt afreksfólk í keilu tækifæri til að etja kappi við bestu keilara í Evrópu á heimavelli. Einnig væri líklegt að áhugi á keilu sem keppnisíþrótt ykist, en það er forsenda þess að við getum verið með keppendur í fremstu röð til framtíðar.

Traustur fjárhagur KIÍ er kjarninn að rekstri keiluhreyfingarinnar. Styrkir og framlög frá ÍSÍ og skyldum aðilum eru stór hluti tekna sambandsins. Meðal annarra tekna eru brautarleiga í mótum, sem rennur að mestu leyti beint til rekstraraðila viðkomandi keilusalur, svo og safnanir landsliðsfólks vegna landsliðsferða.

Til þess að ofangreind markmið í afreksstefnu KIÍ náist þarf meira fjármagn til en sambandið hefur til umráða í dag. Efla þarf þjálfaramenntun, samfara því að ekki er hægt að ætlast til að þjálfarar starfi af hugsjón einni saman, sérstaklega þegar um aukið umfang þjálfunar er að ræða.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Verkefni og kostnaðaráætlun:

Hér á eftir verða talin upp helstu verkefni Keilusambands Íslands árin 2005-2007 ásamt kostnaðaráætlun:

1. EMU05 – 2005 Antwerpen í Belgíu. Fjöldi 8 – 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 9 dagar. Heildarkostnaður um 900 þús. Hlutur KLÍ um 450 þús.
2. EM05 karla – Júní 2005 Moskva í Rússlandi. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 12 dagar. Heildarkostnaður um 1,2 millj. Hlutur KLÍ um 500 þús.
3. HM05 kvenna – Ágúst 2005, Álaborg í Danmörku. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 11 dagar. Heildarkostnaður um 1,050 þús. Hlutur KLÍ um 450 þús.
4. ECI05 – Sept. 2005 Böblingen í Þýskalandi. Fjöldi 3, 2 keppendur og þjálfari/fararstjóri – 6 dagar. Heildar kostnaður um 450 þús. Greitt af fullu af KLÍ.
5. EMU06 – Apríl 2006 í Danmörku. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 10 dagar. Heildar kostnaður um 950 þús. Hlutur KLÍ um 450 þús.
6. EM06 kvenna – Júní 2006 í Hollandi. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 10 dagar. Heildar kostnaður um 950 þús. Hlutur KLÍ um 450 þús.
7. HMU06 – Ágúst 2006 í Róm á Ítalíu. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 10 dagar. Heildar kostnaður um 950 þús. Hlutur KLÍ um 450 þús.
8. HM06 karla – Sept 2006 í Koreu. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 10 dagar. Heildar kostnaður um 1850 þús. Hlutur KLÍ um 650 þús.
9. ECI06 – Sept 2006 í Riga í Lettlandi. Fjöldi 3, 2 keppendur og þjálfari/fararstjóri – 6 dagar. Heildar kostnaður um 450 þús. Greitt af fullu af KLÍ.
10. EMU07 – Mars 2007 Evrópu. Fjöldi 8 – 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 9 dagar. Heildarkostnaður um 900 þús. Hlutur KLÍ um 450 þús.
11. EM07 karla – Júní 2007 Evrópu. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 12 dagar. Heildarkostnaður um 1 millj. Hlutur KLÍ um 450 þús.
12. HM07 kvenna – Ágúst 2007, Mexico. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 12 dagar. Heildarkostnaður um 1,250 þús. Hlutur KLÍ um 550 þús.
13. ECI07 – Sept. 2007 Evrópu. Fjöldi 3, 2 keppendur og þjálfari/fararstjóri – 6 dagar. Heildar kostnaður um 450 þús. Greitt af fullu af KLÍ.

EM = Evrópumót (keppt í liðakeppni, þrímenning, tvímenning, einstakling ofl.)

EMU = Evróumót unglunga (sama og EM nema keppt bæði í kk og kvk flokki samtímis)

ECI = Evrópubíkarkeppni einstaklinga (landsmeistarar kk og kvk frá öllum löndum Evrópu)

HM = Heimsmeistaramót (sama og EM)

HMU = Heimsmeistaramót unglunga (sama og HM)



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Þálfunar/þjálfaramál:

Í dag hefur KLÍ ekki þjálfara á launum, en hefur þess í stað aðgengi að einum Íslenskum þjálfara sem hefur menntað sig sem þjálfari í keilu með því að sækja þjálfaranámskeið hér heima og námskeið erlendis um keilubjálfun. Viðkomandi þjálfari hefur séð um þjálfun unglunga hjá einu af keilufélögnum ásamt því að koma að þjálfun hjá KLÍ við þjálfun unglunga og fullorðinna. Einnig hefur KLÍ notið þess að hafa aðgang að ungum sænskum þjálfara sem hefur komið að þjálfun fullorðinsliðanna. Þessi aðili hefur hlotið fulla menntun sem þjálfari í keilu í Svíþjóð og er hann að þjálfa lið í deildarkeppni þar í landi. Greiðslur hafa ekki verið vegna þjálfunar hjá KLÍ en greiddir hafa verið dagpeningar í ferðum erlendis.

